



Handboltaþlað **SELFLOSS**

Tímarit handknattleiksdeildar Umf. Selfoss – desember 2021 – Upplag 4.000 – Frítt eintak

**Evrópubíkar-
keppnin 2021**

Svavar Vignisson:
**Ef þær mæta vel á
æfingar og forgangs-
raða hlutunum rétt
getur allt gerst**

Haukur Prastarson:
**Tilfinningin frábær að
stíga aftur á parketið**



GETRAUNANÚMER SELFLOSS

8000



1X2
GETRAUNIR.IS

Handboltaþlað SELFOSS

Útgefandi:
Handknattleiksdeild
Selfoss, desember 2021.

Ábyrgðarmaður:
Þorsteinn Rúnar Ásgeirsson.

Ritstjórn: Einar Sindri Ólafsson, Örn Guðna-
son og Þorsteinn Rúnar Ásgeirsson.

Ljósmyndir: Sigurður Ástgeirsson, Árni Þór
Grétarsson, Guðmundur Karl Sigurdórsson
Einar Sindri Ólafsson o.fl.

Forsíðumynd: Aleš Cipot / úr Evrópubik-
arleik RK Jeruzalem Ormoz og Selfoss.

Prentun: Litlaprent.



Saman út úr fárinu

af covid, miklar trufl-
anir á leikjum á vor-
mánuðum en hefur
gengið sæmilega að
halda dagskrá í haust.
Þrátt fyrir mikil og
alvarleg meiðsli náði
meistaraflokkur karla
4. sæti í Íslandsmóti
og þar með bæði
markmiðum sínum
og sæti í Evrópu-
keppni. Þar fengu
leikmenn dýrmæta reynslu, unnu sig inn í aðra
umferð en féllu þar úr leik. Góð frammistaða
þar sem þroskar leikmenn og deildina. Hinir
tveir meistaraflokkar karla sem skipa Ungmenn-
lið 1 og 2 hafa staðið sig mjög vel og þar fá efni-
legir iðkendur þjálfun, tækifæri og reynslu sem
er mikilvæg fyrir þá og deildina til framtíðar.

Meistaraflokkur kvenna náði ekki að vinna
sér sæti í efstu deild í vor, aðallega er þar um að
kenna miklum meiðslum sem hrjáðu lykilmenn.
Í haust fékk liðið talsverða endurnýjun og öflug-
ur þjálfari; Svavar Vignisson, bættist í hópinn og
leiðir gott starf í vetur. Markmiðið er að tryggja
sér aftur sæti í efstu deild. Stjórn og stuðnings-



Þórir Haraldsson.

menn kvennaliðsins eru einhuga um að standa
bak við meistaraflokk kvenna því Selfoss getur
og á að eiga kvennalið í fremstu röð, uppeldis-
starf deildarinnar mun skila því þó nú séu
nokkur ár sem þarf að brúa.

Nú í sumar tók Örn Þrastarson við nýju starfi
sem íþröttastjóri deildarinnar sem hefur umsjón
með handknattleiksakademíu, unglingsstarfi,
skipulagi faglegs starfs og gæðamálum, auk
þess að sinna þjálfun. Við bjóðum hann auðvitað
velkominn til nýrra starfa. Þá hurfu Rúnar Hjálmar-
sson og Einar Guðmundsson til annarra starfa,
auk þess sem nokkrar breytingar urðu á þjálfara-
hópnum milli ára.

Áfram nýtur starf okkar virðingar og viður-
kenningar bæði innanlands og utan og fjöldi
landslíðsmanna í nær öllum landsliðum Íslands,
bæði yngri og fullorðins, eiga sinn grunn og
þjálfun á Selfossi.

Heimsfaraldur covid heldur áfram að trufla
starfið í handboltanum. Enn eru svo stífar tak-
markanir að nánast engir áhorfendur mega
fylgjast með iðkendum, hvorki yngri flokka né
meistaraflokka. Það veldur miklu tjóni, auðvit-
að fjárhagslega, þegar nær engar tekjur koma
inn af leikjum en einnig tapa iðkendur og for-
eldrar af mikilvægum hluta í þroska, gleði og

samveru. Til viðbótar missum við öll af ánægju-
unni sem þessu fylgir. Já, leiðinda ástand!

Covid kvikindið hefur komið illa við fjár-
hag deildarinnar þar sem við höfum misst
af okkar stærstu tekjuöflunartímabilum, á
vorin, tvö ár í röð. Opinber stuðningur hefur
komið nokkuð til hjálpar en ekki nægilega
hratt og nú hafa nær engar tekjur komið af
áhorfendum allt þetta ár og margir stuð-
ningsaðilar eiga í vandræðum. Stuðnings-
menn hafa lagt sitt af mörkum en við mun-
um á næstunni leita í auknum mæli til
stuðningsaðila og almennings að hjálpa okk-
ur yfir þann erfiða hjalla sem við nú glímum
við. Við förum bjartsýn inn í nýtt ár, einhver
erfið verkefni fram undan en vonandi fáum
við fljótlega að hittast og gleðjast saman á
handboltaleikjum yngri og eldri aldurshópa.

Í árslok vil ég þakka traustum stuðnings-
aðilum deildarinnar fyrir stuðninginn á árinu,
stjórnarfélagi, iðkendum og þjálfurum fyrir
gott samstarf en sérstakar þakkir fá sjálfböð-
liðarnir sem enn sem fyrr bera starfið uppi.
Gleðileg jól, með von um farsæld á nýju ári.

Þórir Haraldsson, formaður.
handknattleiksdeildar UMF Selfoss

Efnisyfirlit



**8 ÞURFUM AÐ VITA HVERJIR STYRKLEIKAR
OKKAR ERU OG FINNA AÐ ÞEIR HJÁLPI OKKUR**
Viðtal við Halldór Jóhann Sigfússon, þjálfara meistaraflokks karla

2 SAMAN ÚT ÚR FÁRINU
Leiðari formanns deildarinnar

**6 ÞAÐ SKIPTIR MÁLI AÐ
BÆJARFÉLAGIÐ SÉ
JÁKVÆTT Í GARÐ HAND-
BOLTANS**
Sjálfböðaliðarnir Gugga og Þröstur

**14 SET HÖLLIN HEIMILI
HANDBOLTANS**

**16 LOKAHÓF HANDKNATT-
LEIKSDEILDAR**

19 NÝIR LEIKMENN SELFOSS
Mina, Roberta, Karolis, Raket, Tinna
Soffía og Ragnar

**24 MEISTARAFLOKKUR
KVENNA 2021–2022**
Myndir af leikmönnum og liðinu



4 HAUKUR ÞRASTAR
Selfyssingur í atvinnumennsku

**28 MEISTARAFLOKKUR
KARLA 2021–2022**
Myndir af leikmönnum og liðinu

**34 LOKAHÓF HANDBOLTA-
AKADEMÍUNNAR OG
3. FLOKKS**



**32 ÞÁTTTAKA KARLALIÐS SELFOSS Í EVRÓPUBIKAR-
KEPPNINI 2021**
Umfjöllun um leikina fjóra

**36 HANDBOLTA-
AKADEMÍAN Á SELFOSSI**

38 RAGNARSMÓTIÐ 2021

40 HANDBOLTINN LIFIR
Grein eftir Hall Halldórsson,
fyrirverandi formann deildarinnar

42 DRAUMALIÐIÐ

**45 LANDSLÍÐSFÓLK
SELFOSS**

**46 ÆFINGAR - ÞJÁLFAVARAR
YNGRI FLOKKA HAND-
KNATTLEIKSDEILDAR**

**47 ÍSLANDSMÓT Í
5. FLOKKI KVENNA**

**50 TÖLFRÆÐI ÚR HAND-
BOLTANUM Á SELFOSSI**
Myndir af leikmönnum og liðinu.



**12 EF ÞÆR MÆTA VEL Á
ÆFINGAR OG FOR-
GANGSRÁÐA HLUT-
UNUM RÉTT GETUR
ALLT GERST**
Viðtal við Svavar Vignisson,
þjálfara meistaraflokks kvenna

Pitayaskál

ÞÚ VERÐUR AÐ PRUFA

1.299 kr.

Tilboð gildir desember, janúar og febrúar.



Skalli

Sá svalasti í bænum

Skalli Austurvegur 46, 800 Selfoss



Tilfinningin frábær að stíga aftur á parketið

HAUKUR ÞRASTARSON

Selfyssingur Í ATVINNU MENNSKU

Eftir frábæran árangur hér heima með liði Selfoss hélt Haukur Þrastarson út í atvinnu-mennskuna. Hann samdi við pólska stórlíðið Kielce til fimm ára og hélt þangað út eftir tímabilið 2019–20.

Haukur varð fyrir því óláni að meiðast fyrir tímabilið og lék því ekki með liðinu fyrst um sinn, en vann sig hægt og rólega til baka. Það var því gríðarlegt áfall þegar hann sleit krossband í leik gegn Elverum í Meistaradeild Evrópu fyrir rétt rúmu ári.

Haukur hefur verið í endurhæfingu, bæði í Póllandi og hér heima og er loks farinn að spila aftur. Hann hefur skorað 23 mörk í þeim leikjum sem hann hefur náð að spila það sem af er tímabili og er með yfir 20 stoðsendingar. Hann segir að það taki sinn tíma að koma sér aftur að fullu, en það komi vonandi fljótlega.

Við ræddum við Hauk um tímamið í Kielce, meiðslin og framtíðina.

Hvernig er Kielce, félagið og bærinn?
Kielce er frábær klúbbur, einn af þeim bestu í Evrópu. Umgjörðin í kringum allt er mjög góð. Það er ekki yfir neinu að kvarta. Liðið er mjög gott, sérstaklega þetta tímabil. Við höf-



um við verið að spila mjög vel. Það er mikill stuðningur og áhugi í bænum í kringum liðið og maður finnur það vel. Mér líður vel hérna, með allt til alls, góðan þjálfara og umgjörð, þannig að þetta gerist ekki betra.

Nú tókst þú þátt í nokkrum leikjum á undirbúningstímabilinu, en komst svo að fullum þunga inn í liðið í lok september, eftir 11 mánuðaða fjarveru. Hvernig tilfinning var það að stíga loksins aftur inn á parketið?
Tilfinningin var frábær og að byrja aftur eftir svona langan tíma í burtu var mjög ljúft. Ég hef hægt og rólega verið að koma til baka og ég á enn mjög langt í land með að ná fyrsta formi og fullri heilsu. En það er yndislegt að vera kominn aftur á völlinn.

Haukur var í endurhæfingu í Póllandi og einnig hér á Íslandi hjá Jónða.

Já það passar, ég fór í aðgerðina á Íslandi og var fyrstu mánuðina eftir aðgerð hér heima áður en ég fór aftur til Póllands í lok síðasta tímabils. Þannig að ég var stóran hluta af endurhæfingunni heima á Íslandi með Jónða, sem var frábært. Hefði ekki getað verið í betri höndum með það.



Ertu kominn í sama form og þú varst í fyrir aðgerð?

Hnéð er ágætt núna en hefur verið svolítið bras að komast í gang eftir þetta. Það hefur

tekið svolitinn tíma að verða góður eftir meiðslin, en það fer vonandi að koma fljótlega. Ég er búinn að vera mikið frá eftir að ég kom aftur á völlinn og þetta tímabil hefur verið erfitt hvað það varðar. Ég er ekki farinn að beita mér á fullu en það kemur vonandi fljótlega.

Haukur er ekki eini Íslendingurinn í liði Kielce, en örvhenti hornamaðurinn Sigvaldi Björn Guðjónsson spilar einnig með liðinu. Við Sigvaldi náum vel saman og það er búið að vera frábært að hafa hann með mér hérna

Aðeins að landsliðinu. Hvernig leist þér á Hauka-laust liðið á HM í janúar síðastliðinn? Var erfitt að horfa á þetta mót úr sófanum?
Já ég get alveg viðurkennt það að það var mjög erfitt að horfa á mótið heima, maður vill alltaf vera með.

Nú er EM í janúar. Hvernig meturðu íslenska landsliðið núna fyrir þetta mót? Hvar gætu tækifæri íslenska landsliðsins legið?
Við erum að mínu mati með mjög gott lið sem getur gert góða hluti. Við erum með menn sem spila mjög vel út um allan heim, í toppliðum, og ef allt gengur upp þá getur liðið gert flotta hluti á EM.

En framtíðin hjá þér. Hvar sérðu þig eftir 1 ár? En eftir 5 ár?

Það er ómögulegt að segja. Fókusinn núna er bara að ná mér góðum eftir meiðslin og komast í mitt gamla form og byrja spila almennilega. Ég er með samning hér í Kielce í fjögur ár í viðbót og er ánægður hér eins og er. *Viðtal: ESÓ*



Selfoss
2013–2020



Kielce
2021–



SELFOSS

MIÐBÆR

JÓLANNNA



SÍGILD JÓL Í NÝJU UMHVERFI

VIÐBURÐIR, GLEÐI OG GÓÐUR MATUR ALLA AÐVENTUNA

Þú finnur sannan anda jóla í sögulegu umhverfi miðbæjar Selfoss. Notalegt andrúmsloft í töfrandi umhverfi og skemmtilegar upptakur fyrir alla fjölskylduna. Í nýjum og notalegum miðbæ er tilvalið að kaupa gjafir, njóta góðra veitinga og upplifa sigilda jólastemningu fyrir austan fjall. Búum til fallegar jólamínningar saman og hittumst í miðbæ jólanna.



Það skiptir máli að bæjarfélagið sé jákvætt í garð handboltans

Hjónin Þröstur Ingvarsson og Guðbjörg Hrefna Bjarnadóttir, eða einfaldlega Þröstur og Gugga, þekkja flestir þeir sem hafa mætt á handboltaleiki á Selfossi. Þau hafa starfað í kringum handboltann í fjölda ára og sjaldan er langt í þau ef þarf að leggja á plóg. Öll börn þeirra hafa ratað í meistaraflokka Selfoss, þau Örn, Hrafnhildur Hanna, Hulda Dís og Haukur. Þau hafa því bæði skilað frábæru starfi í þágu deildarinnar og að sjálfsögðu frábæru fólki. Þröstur og Gugga voru spurð aðeins út í þeirra sjálfbodaliðastarf.

Í hverju hefur starf ykkar sem sjálfbodaliðar fyrir handboltann á Selfossi aðallega verið fólgið?

G: Við höfum fylgt börnunum okkar eftir og tekið þátt í öllu sem hefur þurft að hjálpa til með s.s. akstur og fjáröflunum, eins gróðursetningu og vinnu í kringum leiki hjá bæði meistaraflokki kvenna og karla. Við göngum bara í öll sjálfbodaliðastörf.

Þ: Starfið felst helst í því að vinna í kringum heimaleiki Selfoss og í fjáröflunum.

G: Við tókum til dæmis þátt í því að rífa upp parketið í lðu á sínum tíma og taka niður stúkuna.

Hver voru ykkar fyrstu kynni af handbolta?

G: Ég kynntist handbolta þegar nýja íþróttahúsið í Sólvallaskóla opnaði, það var 1978. Þá fór ég að æfa handbolta og mig minnir að Kristín Steinþórsdóttir hafi verið fyrsti þjálfarinn. Ég æfði upp alla yngri flokkana ásamt því að æfa sund og frjálssar íþróttir líka. Síðan hætti ég í handbolta þegar ég einbeitti mér að sundinu og byrjaði svo aftur í handbolta

þegar ég kom úr námi, í kringum 1989, þegar Kristjana Aradóttir var að þjálfra meistaraflokk kvenna. Svo spilaði ég líka með meistaraflokki þegar Hermundur Sigurmundsson þjálfaði. Það hefur verið 1992 eða 1993.

Þ: Ég var ekkert í handbolta, ekki nema í leikfimitíma hjá Gylfa Gísla í Gaggó. Svo kynnist ég bara handbolta í gegnum krakkana smátt og smátt.

En öðrum íþróttum?

Þ: Ég æfði Sund og frjálssar, jú og fimleika sem polli.

G: Við vorum náttúrulega mest í sundi, bæði tvö, í mörg ár. Æfðum og kepptum í sundi.

Hafið þið verið í stjórn handboltans eða öðrum íþróttum og þá hvenær?

Þ: Ég hef aldrei verið í stjórn handknattleiksdeildar, en ég hef verið í stjórn sunddeildar Umf. Selfoss. Síðan hef ég verið í jólasveinanevndinni í þónokkuð mörg ár, hátt í 40 ár.

G: Ég hef ekki verið í stjórn, en ég hef verið



F.v.: Þröstur, Hrafnhildur Hanna Prastardóttir, Perla Ruth Albertsdóttir, Maron Blær Arnarson, Haukur Prastarson, Örn Prastarson, Gugga, Hulda Dís Prastardóttir og Agnes Sigurðardóttir.

þjálfari öll árin. Þjálfaði sund til margra ára og síðan þjálfaði ég handbolta í skamman tíma. Nú eigið þið fjögur börn og öll hafa þau lagt stund á handbolta af miklu kappi, verið lykilmenn í sínum liðum, spilað með landsliðinu o.s.frv. Er þetta einhver töfragen eða fengu þau öll svona mikið handboltauppeldi?

G: Þau fengu öll alhliða hreyfiuppeldi, alveg frá byrjun. Til að byrja með voru þau mikið í s undi, þau voru í ungbarnasundi frá 6 vikna aldri og hafa farið í sund á hverjum einasta degi, ásamt því að fara í fótbolta og handbolta. Sem dæmi þá var teipaður teigur á gólfið og mark á vegginn í stofunni heima. Það héngu kaðlar úr loftinu og rimlar á veggjunum þannig að krakkarnir hreyfðu sig þar, alla daga, allan daginn. Auðvitað ásamt því að leika sér úti, æfa fótbolta, fimleika, fara í fjallgöngur og margt annað.

Þ: En svarið liggur svolítið í spurningunni, þau æfðu af kappi. Síðan er þetta náttúrulega genatískt... Svo snýst þetta bara um að fara í sund, drekka lýsi og hollan og góðan mat.

G: Það sem einkennir krakkana alla að þau hafa alla tíð verið geysilega dugleg að æfa, og sá sem leggur sig fram og æfir vel, uppsker eftir því.

Hvað er svona skemmtilegt við þessa íþrótt?

G: Það sem mér finnst skemmtilegast er að það er alltaf eitthvað að gerast, það eru átök og hraði. Þetta er ofboðslega skemmtileg íþrótt.

Þ: Ég bara veit það ekki.

G: Mér finnst bara svakalega gaman að fylgjast með handbolta. Ekki bara með mínum börnum, heldur bara öllum handbolta. Sérstaklega skemmtilegt.

Hvað finnst ykkur vera stærsta augnablikið í kringum handboltann hér á Selfossi og af hverju?

G: Stærsta augnablikið var náttúrulega þegar að Selfoss varð Íslandsmeistari. Þar uppskár- um við eftir margra ára vinnu, bæði þeir sem voru í liðinu, þjálfararnir og stjórnarfolk í kringum þetta sem voru búin að leggja mikið á sig í langan tíma. Það var sérstaklega eftir- minnilegt hvað bæjarbúar voru áhugasamir og hvað þetta hafði góð áhrif á bæjarandann.

Þ: Sammála.

Hvernig var upplifunin í lðu þegar Selfoss vann Íslandsmeistaratið 2019?

G: Það var náttúrulega meiriháttar skemmtileg upplifun og ég var stolt af liðinu. Mér fannst þetta mikið afrek og ég er ekki viss um að allir geri sér grein fyrir því hvað þetta var mikið afrek af því að þurfa svo margir hlutir að ganga upp til þess að komast alla leið, og það gerði það þarna.

Hvernig sjáið þið framtíð handboltans á Selfossi á næstu árum?

Þ: Ég sé það nú bara svipað og hefur verið. Á meðan það er góð stjórn við stjórnvöllinn og góðir þjálfarar, eins og er núna, þá er framtíðin björt.

G: Lykilatriði er alltaf að hafa góða yngri flokka þjálfara. Síðan er að ráða flotta þjálfara í meistaraflokkana. Ef við gerum það þá höldum við leikmönnum heima og það er bara lykila- triði fyrir lítið bæjarfélag eins og Selfoss að halda okkar bestu mönnum heima, eins lengi og hægt er. Einnig er mikilvægt að hafa góða stjórn og góða stuðningsmenn sem leggja hönd á plóg. Allt skiptir þetta máli.

Þ: Góð stjórn, góðir þjálfarar og góðir sjálfbodaliðar.

G: Og ef ég má bæta við, það skiptir líka máli að bæjarfélagið sé jákvætt í garð handboltans. Það skiptir miklu máli, þannig að hlutirnir gangi upp.

TRS

Ein heild í þína þágu

LÁTTU OKKUR SJÁ UM HÝSINGU
OG REKSTUR TÖLVUKERFA
FYRIR ÞITT FYRIRTÆKI

www.trs.is | 480-3300

VIÐ SELJUM FASTEIGNIR

Sími 483-5800

byr@byrfasteign.is

www.byrfasteign.is



Elín Kára,
löggiltur fasteignasali



byr

fasteignasala



Halldór Jóhann Sigfússon, þjálfari karlalíðs Selfoss

ÞURFUM AÐ VITA HVERJIR STYRKLEIKAR OKKAR ERU OG FINNA AÐ ÞEIR HJÁLPI OKKUR

Keppnistímabilið 2020–2021 var fyrsta tímabilið sem Halldór Jóhann Sigfússon þjálfaði Selfossliðið. Liðið endaði deildina í fjórða sæti síðastliðið í vor með 26 stig, vann tólf leiki, gerði tvö jafntefli og tapaði átta leikjum. Í 8-liða úrslitunum mætti liðið Stjórnunni. Fyrri leikurinn sem var útileikur vannst með tveimur mörkum en seinni leikurinn heima tapaðist með tveimur. Liðið féll úr leik á markahlutfalli. Í CocaCola-bikarnum féll liðið úr leik í fyrsta leik sem var gegn Haukum. Halldór Jóhann var tekinn tali í byrjun nóvember sl. og fyrst beðinn að taka saman í stuttu máli síðasta tímabil.

Vorum með aðra bestu vörnina í deildinni á síðasta tímabili

„Undirbúningur tímabilsins gekk vel að mörgu leyti. Það var kannski smá skellur fyrir okkur að Sverrir Páls skyldi meiðast í lok undirbúningstímabilsins þegar hann sleit krossband aftur, ekki síst í ljósi þess að á þessum tíma þegar hann var að koma inn var Tryggvi með höfuðáverka og misst í úr smá tíma. Tryggvi kom svo sterkur inn aftur. Einnig

höfðum við væntingar þegar Guðmundur Hólmar kom þarna inn mjög sterkur.“

Halldór bætir svo við: „Mér fannst við helst vera aðeins brokkgengir því það voru smá sveiflur í okkar leik. Vilius kom auðvitað líka mjög sterkur inn í liðið og við spiluðum líka fantagóðan varnarleik. Ég sagði í viðtali fyrir ári að aðalatriðið hjá okkur væri að við þyrftum að laga varnarleikinn og fækka mörkum sem við fengjum á okkur. Við gerðum það líka, vorum með aðra bestu vörnina í deildinni á síðasta tímabili sem var í raun og veru frábært. Við vorum síðan með besta markmanninn eins og sást þegar mótið var tekið saman.“

Landsliðsverkefni í Bahrain í covid-stoppi

Síðasta keppnistímabil var mjög sérstakt eins og flestir þekkja með stoppum nokkrum sinnum. Í lengsta stoppinu, sem var í kringum jólin, fór Halldór líka í tvo mánuði í burtu til Bahrain og tók við landsliðinu þar. Þar var hann í undirbúningi fyrir HM og svo á HM. „Bahrain það lausnar fyrir mig hérna fyrir þennan tíma. Þetta var verkefni sem ég hefði

aldrei tekið að mér nema vegna þess að þetta var möguleiki vegna covid-faraldursins á Íslandi.“

Ótrúlegt að við skyldum hafa náð fjórða sætinu

Í þessu stoppi gekk Ragnar Jóhannsson til liðs við Selfoss sem styrkti liðið gríðarlega. Halldór segir að þeir hafi verið á finu róli þegar þetta byrjaði aftur og verið mjög flottir í byrjun febrúar. Þá hafi allt verið í blóma í raun og veru. Hann bætir við að þegar tímabilið sé eins og það var í fyrria komi niðursveiflur. Á sama tíma lenti liðið í því að fá nokkur alvarleg meiðsli. „Hannes sleit krossband, Sveinn Aron sleit krossband og Guðmundur Hólmar sleit hásin. Þar fyrir utan voru önnur smá meiðsli og annað, t.d. var Atli Ævar á öðrum fætinum. Miðað við leikjaálagið sem var þarna, sem var bara ómanneskjulegt, finnst mér ótrúlegt að við skyldum hafa náð fjórða sætinu sem skilaði okkur Evrópusæti. Ég var mjög stoltur af því þó svo að ég hefði auðvitað viljað fara áfram í gegnum 8-liða úrslitin í 4-liða úrslit og á móti Haukum. Það má kannski orða það þannig að það var bara

ekki meira loft til staðar í liðinu, hvorki líkamlegt né andlegt. Ég fann það svolítið á strárunum í lok tímabils í fyrria að menn voru gjörsamlega búnir á því að öllu leyti. Ég fann það líka sem þjálfari liðsins að ég var bara algjörlega „punkteraður“ eftir langt og strangt tímabil. Það var mjög erfitt í öllum þessum stoppum. Fólk held ég geri sér ekki grein fyrir því hversu erfitt það er fyrir leikmenn að byrja og stoppa, aftur og aftur, mega t.d. fara inn í sal en ekki kasta á mark. Það er í raun magnað að við skyldum hafa klárað síðasta tímabil miðað við allar reglurnar í kringum covid,“ segir Halldór.

Undirbúningurinn gekk ágætlega

Halldór var spurður hvernig undirbúningurinn fyrir núverandi tímabil hafi verið settur upp og hvernig hann gekk hann fyrir sig. „Við vorum með nánast sama lið og í lokin í fyrria. Fengum reyndar Karolus Stropus til liðs við okkur. Við sáum, þar sem Roberta konan hans kom til kvennaliðsins, möguleika á að styrkja breiddina í hópnum, ekki síst í ljósi þess að við vorum með Tryggva meiddan, en hann

var okkar aðal varnarmaður í fyrra. Hann bættist við meiðslalistann og Atli Ævar var líka meiddur. Það var svo spurning hvort hann þyrfti að fara í aðgerð sem hann svo fór í.“

Undirbúningurinn gekk ágætlega að sögn Halldórs, lið var í góðu standi og allt í lagi með það. „Ég fann samt fyrir ákveðinni andlegri þreytu frá síðasta tímabili hjá þeim leikmönnum sem voru búnir að spila flestar mínútur. Ég vissi að þetta yrði svoltíð erfitt þar til við fengjum ákveðna leikmenn inn í þetta. Undirbúningurinn gekk samt ágætlega þó undirbúningsleikirnir hafi ekki verið neitt sérstakir. Evrópukeppnisleikirnir voru góðir á móti Tékkunum og leikurinn hérna heima á móti Slóvenunum var ágætur. Fjörutíu mínútur voru frábærar út í Slóveníu en við töpuðum eiginlega á fyrstu tuttugu mínútunum þar.“

Við höfum verið í alls konar vandamálum

Stigasöfnunin í upphafi móts hefur ekki verið ásættanleg að mati Halldórs. Hann segir að þeir hafi svo sem vítað að það hefði að vissu leyti gert liðinu erfiðara fyrir að hafa tekið þátt í Evrópukeppninni með svona fáa leikmenn til staðar. „Við höfum verið í alls konar vandamálum. Atli datt síðan út og fór í aðgerð og Stropus gat ekkert spilað í þrjár vikur þegar mesta álagið var.“ Í byrjun nóvember (þegar þetta viðtal var tekið) segir hann að þeir séu að safna vopnum sínum og það sé auðvitað gott að liðið sé í góðu líkamlegu standi. Núna þegar farið sé að líða aðeins á tímabilið og æfingarnar farnar að vera betri og fleiri leikmenn að koma inn finni hann að léttleikinn sé orðinn meiri, sem sé bara gott, því stundum hafi þetta verið þungt og menn kannski að spila allt of margar mínútur. Hann bæti við

að mjög ungir strákar hafi verið þar fyrir aftan með afskaplega litla reynslu og að það hafi verið erfitt að setja þá út í djúpu laugina í svona stórt hlutverk.

Við þurfum að ná vopnum okkar

En hvernig sér Halldór fyrir sér næstu vikur fram undir og yfir áramót? „Mér finnst núna gríðarlega mikilvægar vikur vera fram undan (í nóvember og byrjun desember). Þá eru leikir sem ættu að vera skyldusigrar en eru gríðarlega erfiðir. Líka af því að við þurfum að vera svoltíð auðmjúk út af stöðu okkar þar sem við erum frekar neðarlega í deildinni. (Tvö stig eftir fimm leiki í byrjun nóvember). Mennt verða að bera virðingu fyrir því að þeir geta ekki mætt bara og sagst ætla að vinna alla leiki eða þetta og þetta lið. Við þurfum fyrst og fremst að ná vopnum okkar aftur og fá þessa sigurtilfinningu til þess að virka aftur, að maður hafi þessa öryggisfinningu þegar maður kemur til hvaða leiks sem er. Við þurfum að vita hverjir styrkleikar okkar eru og finna að þeir hjálpi okkur. Liðið er ekki alveg þar núna. Það kemur alltaf upp óöryggi í liðum þegar gengur illa. Þessir þættir sem voru frábærir hjá okkur í fyrra hafa ekki verið að skila eins miklu núna. Það er m.a. út af því að það hefur vantað aðeins inn í og svo hefur gengið ekki verið nógu gott.“

Gríðarlega öflugt lið þegar á veturinn líður

Halldór leggur áherslu á að þeir þurfi að vera mjög beittir fram að síðast leik fyrir jól. „Við þurfum að safna eins mörgum stigum og við mögulega getum. Við höfum verið að fá leikmenn inn og gerum ákveðna kröfu á það.

KAFFI KRÚS
CAFE • BISTRO • PIZZERIA

10.000 KR. GJAFABRÉF TIL SÖLU HJÁ
HANDKNATTLEIKSDEILD SELFÓSS

ÖLL INNKOMA RENNUR TIL HANDKNATTLEIKS-
DEILDARINNAR Í BÓÐI KAFFI KRÚSAR

GJAFABRÉFIN FÁST Á
SELFÓSS.FELOG.IS/VERSLUN
STYRKJÓÐ OG NJÓTIÐ!

UMF
SELFÓSS
1936

ALARK
arkitektar ehf.

Dalvegur 18, 201 Kópavogur S. 534-8800, 534-8818
Jakob Línal og Kristján Ásgeirsson, Arkitektar FAÍ

Svo þegar liður á verðum við komnir með gríðarlega öflugt lið, en við þurfum samt að safna stigum. Við þurfum að koma okkur á þann stað sem við erum sáttir við þegar kemur að úrslitakeppninni þó það sé langt í hana. Vonandi fáum við leikmenn inn á þeim kafla frekar en að missa. Það er það sem maður óskar auðvitað," segir Halldór.

Mikil samkeppni um stöður

Talið berst að síðustu landsliðsþáðu sem var í byrjun nóvember. Hann segir að hún hafi gefist ágætlega þó smávegis covidbrasi hafi verið í kringum smitin á Selfossi. „Það var svo sem ágætt. Þá gátu leikmenn fengið fimm daga frí, aðeins til að hreinsa hausinn. Ég hef líka fundið það á æfingunum. Menn eru sprækari og það er komin mikil samkeppni um stöður sem er gríðarlega mikilvægt. Það ýtir mönnum aðeins lengra. Menn gera sér allir grein fyrir því að til að breyta stöðu liðsins þarf mikla vinnu.“

Getum orðið ógnarsterkir

Hvað framhaldið efir áramót varðar segist Halldór vera meira fyrir að horfa styttra fram í tímann heldur en lengra, deildin sé gríðarlega jöfn og að liðið geti í raun unnið alla og tapað fyrir öllum. „Við auðvitað fáum fleiri leikmenn inn um áramót. Ef við missum engan getum við orðið ógnarsterkir eftir áramót. Vonandi náum við að enda þetta tímabil á þessu almanaksári vel fyrir þá. Það er alltaf betra en að taka með sér vonda kafla.“

Það eru mörg lið sterk núna

Halldór er spurður hvaða lið hann sjái fyrir sér að berjast um titilinn í vor.

„Það eru mörg sterk lið í deildinni núna. Þau munu alltaf eiga sína kafla, góða og slæma. Ef við leyfum okkur að vona að okkar vondi kafli sé liðinn þá sætti ég mig alveg við það og get horft björtum augum á framhaldið. Ég sé auðvitað Hauka og Val gríðarlega sterka. Valsarar eiga auðvitað eftir að fá sína sterkustu leikmann inn en eru samt búnir að safna þessum stigum. Haukar eru ógnarsterkir með gríðarlega reynslu í liðinu og í raun tvo góða í hverri stöðu. Stjarnan hefur ekki komið á óvart beint. Þeir hafa verið frábærir. Hlutirnir hafa svolítið verið að falla með þeim. Þar sem þeir voru að tapa með einu marki í fyrri hafa þeir verið að vinna með einu núna. Þeir hafa verið á góðu „run-i“ og eru bara með mjög góðan leikmannahóp. Þeir hafa náð að safna vel í sinn leikmannahóp. Afturelding er líka með gríðarlega gott lið og eru kannski búnir að spila aðeins undir pari. Þeir eru mjög sterkir. Svo eru þarna lið sem hafa verið að spila vel eins og Fram og ÍBV. Þetta eru svo mörg lið. Það verður ekkert auðvelt fyrir þau að komast í 8-liða úrslit. Menn hafa verið að gagnrýna KA og okkur en það er fullt inni hjá þessum liðum. Ef við náum að vera með allan okkar hóp, tvo leikmenn í



hverja einustu stöðu, verður miklu meiri breyting í okkar leik. Ef einhver á „off“ leik getum við bara verið með annan klárann sem kemur í staðinn. Við höfum ekki haft það undanfarið því það hafa svo margir verið meiddir. Við höfum því þurft að nota óreynda stráka í það. Um tíma voru níu leikmenn meiddir sem hafa einhver tíma á síðustu árum verið byrjunarliðsleikmenn. Það er eitthvað sem menn hafa aldrei heyrt um áður. Mörg af þessum meiðslum hafa verið mjög óheppileg. Það voru m.a. krossbandaslit, hásnaslit, alvarleg axlarmeisli, hnémeisli, handarbrot og ymsrar aðgerðir, svo eitthvað sé nefnt.“

Ungu leikmennirnir læra mikið af þessu

Vegna meiðsla lykilleikmanna hefur Halldór þurft að nota yngri leikmenn meira en áður. Hann er spurður hvernig það hafi komið út. „Ég get nefnt sem dæmi að Elfar Elí kom óvænt sterkur inn og vann sér í framhaldinu sæti í U20 ára landsliðinu, út af því að hann fékk tækifæri og stóð sig vel. Ísak fékk auðvitað stærra hlutverk líka og spilaði frábæra leiki. Það er eðlilegt þegar maður er 17–18 ára að það komi einhver niðursveifla líka, einhverjir slakir leikir. Ísak var búinn að vera frábær allt undirbúningstímabilið og þegar hann kom úr landsliðsferðinni. Það er alltaf plús þegar maður kemur í manns stað. Að vera ungur er eitt en að hafa ekki náð að spila einhverja unglíngalandsliðsleiki áður

en komið er í meistaraflokk er bara of stórt stökk fyrir flesta. Oft er því erfiðara fyrir þessa stráka sem ekki hafa spilað unglíngalandsleiki að vera allt í einu komnir í það að þurfa að spila marga leiki í meistaraflokki. Þeir læra mikið af þessu og þetta á klárlega eftir að koma okkur til góða síðar,” segir Halldór

Grill66-deildin er gluggi fyrir þessa stráka

Hann bætir við: „Við erum með gríðarlega öflugan hóp ungra leikmanna. Við erum með tvo U-lið sem dæmi. Þegar við förum að fá þessa eldri inn geta fleiri að þessum strákum tekið þátt í U-liðs leikjunum. Vandamálið hjá okkur voru á tímabili þau að við gátu ekki fyllt liðin okkar, þ.e. 16 á meistaraflokkskýrslu, af því við vorum í vandræðum að fara eftir reglunum varðandi U-liðin. Það mega bara fjórir taka þátt sem voru á skýrslu hjá meistaraflokki. Við þurftum því að velja vel þannig að við gætum nýtt styrkleikana í U-deildinni. Þar er frábær möguleiki fyrir þessa stráka að sanna sig. Grill-66-deildin hefur sennilega aldrei verið jafn sterk og hún er núna. Þar er alltaf glugginn fyrir þessa stráka. Það er að sýna sig vel þarna. Strákarnir fá svo tækifæri til að vera inn á æfingum hjá okkur og geta síðan í framhaldinu taðið undir því að spila með meistaraflokki. Það er svolítið annað að spila í Ólís-deildinni en Grill-66-deildinni.“

Mikilvægt að styðja vel við bakið á liðinu

Þegar Halldór var beðinn um nokkur loka-orð svarar hann: „Ég biðla til fólks að koma og styðja við bakið á okkur. Þetta eru búnir að vera gríðarlega erfiðir mánuðir sem við erum búnir að vera í starfinu hérna. Ég veit að fólk þarf núna að koma með grímu aftur en vonandi verður það ekki lengi. Vonandi verður þetta líka einfaldara. Maður fann styrkinn á Evrópuleiknum hér heima, en þá mætti hvað mestur fjöldinn, og hvað húsið býr til mikla pressu á mótherjana. Þetta var í fyrsta skipti síðan ég kom sem að við höfum haft þennan stuðning. Ég er búinn að vera með liðið þennan tíma nánast áhorfendalaust. Ég sá hvað strákarnir fá mikið út úr því að fá stuðningsmennina alla og hvað þeir elska að spila fyrir framan allt þetta fólk. Því biðla ég bara til Selfyssinga að mæta á leiki þegar möguleiki er á því. Það er frábært fyrir strákana og auðvitað bara gott fyrir budduna okkar. Það er dýrt að reka lið og það hafa verið erfiðir tímar. Nú þurfum við að standa svolítið saman þegar covid fer að gefa eftir og fara að fylla húsið. Ég vil fara að fá fullt hús hérna. Ég hef bara komið hingað sem þjálfari annars liðs og fengið fullt hús. Nú vil ég sem þjálfari Selfoss fara að fá fullt hús hér í Sethöllina,” segir Halldór að lokum

Viðtal: ÖG

 **VERKVANGUR**
TÆKNIPJÓNUSTA
Erling: 8212929



Mundu eftir Aukakrónunum um jólin

Þú getur keypt næstum hvað sem er fyrir Aukakrónur hjá yfir 200 samstarfsaðilum okkar um allt land. Þú sérð stöðuna á krónunum þínum í appinu.

—
**Kynntu þér Aukakrónur
á landsbankinn.is**



*Svavar Vignisson,
þjálfari kvennaliðs Selfoss*

EF ÞÆR MÆTA VEL Á ÆFINGAR OG FORGANGS- RAÐA HLUTUNUM RÉTT GETUR ALLT GERST

J byrjun júní var Svavar Vignisson ráðinn þjálfari meistaraflokks kvenna á Selfossi. Svavar er Eyjapeyi í húð og hár og spilaði allan sinn feril hjá ÍBV fyrir utan tvö ár er hann var í námi í Reykjavík en þá spilaði hann með FH.

Svavar byrjaði að leika með meistaraflokki ÍBV 1991, þá 17 ára gamall. Hann spilaði sem línumaður þó ekki væri hann mjög hávaxinn. Svavar tók við þjálfun meistaraflokks karla hjá ÍBV 2010 og var með liðið til 2012 er hann tók við þjálfun meistaraflokks kvenna en þær þjálfaði hann til 2016.

Svavar er giftur Ester Garðarsdóttur og eiga þau tvö börn, þau Vígðisi fædda 1993 og Bjarka fæddan 1999.

Seldu mér þá hugmynd að þetta gæti vel gengið

Svavar var fyrst spurður hver hefðu verið tildrög þess að hann var ráðinn þjálfari meistaraflokks kvenna á Selfossi. „Það var hvorki á dag-skránni að flytja frá Vestmannaeyjum eða að byrja að þjálfra aftur. En Ester fékk vinnu á Selfossi og við vorum að græja flutning frá Vestmannaeyjum. Þá heyrði Andri Hallsson í mér og spurði hvort ég hefði einhvern áhuga á að byrja að þjálfra aftur. Ég sagði honum að mér þætti það ólíklegt þar sem ég yrði í vaktavinnu og svoleiðis vinna væri ekki hentug með þjálfun. Andri sagði mér að prufa að heyra í Þóri formanni áður en ég tæki lokaákvörðun. Ég fór á fund með Þóri og Steina framkvæmdastjóra og þeir seldu mér þá hugmynd að þetta gæti vel gengið. Öll umgjörð í kringum liðið er eins og best verður á kosíð.“

Byrjaði á að hengja mig á Rúnar

Hvað var það fyrsta sem þú gerðir í þjálfara-starfinu?

„Líklega var það að hengja mig á Rúnar sem þekkir þessar stelpur út og inn og gat sagt mér allt um þær. Rúnar sá einnig um æfingarnar í sumar, auk þess sem hann sá um styrktarþjálfun. Það hefur verið mjög vel haldið utan um þessar stelpur. Við erum með mjög ungt lið og í raun enginn munur á liði Selfoss og þessum ungmennaliðum sem við erum að mæta. Uppistaðan í liðinu eru 17–19 ára stelpur sem koma úr akademíu félagsins. Svo ég hef bara reynt að halda áfram með þá vinnu sem aðrir eru búnir að leggja,“ segir Svavar.

Sömu áherslur og hjá öllum þjálfurum alls staðar

Svavar er spurður hverjar séu helstu áherslur hans með meistaraflokk Selfoss. „Hjá mér eru sömu áherslur og hjá öllum þjálfurum alls staðar, þ.e. að spila góða vörn og agaða sókn. Ég vil hjálpa þeim stelpum, sem langar að ná langt í sportinu, að verða betri. Einnig að búa til skemmtilegt umhverfi fyrir þær sem eru í þessu, með góðum félagsskap og hreyfingu, þannig að þær geti líka fundið sig í þessu með okkur.“

Munar mikið um að fá Tinnu Soffíu og Rakel Hlyns

Hvaða breytingar hafa orðið í leikmannamálum síðan þú varst ráðinn?

„Einhverjar sem voru í fyrra hafa farið og einhverjar hafa hætt. Við vorum svo lánsöm að fá þær Tinnu Soffíu og Rakel Hlyns, en þær

fundu gömlu handboltaskóna sem þær voru búnar að setja upp í hillu. Það munar mjög mikið um þær. Thelma Dís kom svo líka inn í þetta en hún flutti frá höfuðborginni núna í vetur. Svo komu Róberta og Mína Mandic inn í þetta. Elín Krista reyndi að fara í höfuðborgina en áttaði sig sem betur fer á því að á Selfossi er best að vera. Við erum svo enn með Rakel Guðjóns, Hólmfríði og Ragnheiði Gríms meiddar. Stóra vandamálið hjá okkur er að ná að vera fleiri en 14 á æfingum, en það vonandi kemur fljótlega um áramótin.“

Við æfðum vel og notuðum tímann vel

Svavar var spurður hvernig hafi gengið á undirbúningstímabilinu.

„Undirbúningstímabilið gekk vel. Við vorum þó án Tinnu Sigrúrosar og Elínborgar, sem voru með landsliðinu úti, og Rakel og Tinna voru ekki komnar á fullt. Eins var Mína Mandic ekki komin. Við æfðum vel og notuðum tímann vel. Við unnum ekki leik á undirbúningstímabilinu en hverjum er ekki sama hvernig þeir leikir fóru. Okkur hefur farið mikið fram síðan við byrjuðum og út á það gengur þetta þ.e. að verða betri í dag en í gær.“

Við eigum mikið inni finnst mér

Hann var einnig spurður hvernig hafi gengið eftir að Íslandsmótið byrjaði. „Okkur hefur gengið ágætlega. Eftir sex leiki höfum við unnið fjóra, gert eitt jafntefli og tapað einum. Við eigum mikið inni enn finnst mér. Ef við næðum oftast að vera fjórtán á æfingum þá held ég að við gætum unnið betur í því sem þarf að vinna í. Okkur hlakkar mikið til að fá

þær Rakel, Hólmfríði og Ragnheiði aftur inn á æfingar hjá okkur. Svo eigum við mjög erfiða leiki fram undan þar sem reynir mikið á liðið. En það er bara einn leikur í einu og svo sjáum við til hvernig þetta endar,“ segir Svavar.

Markmiðið að verða betri í dag en í gær

Svavar er spurður hvaða markmið hann hafi sett sér sem þjálfari. Hann segir að þau hafi sett sér það markmið að verða betri í vetur en þau vorum í fyrra. Verða betri í desember en þau voru í nóvember o.s.frv. Hann bæti jafnframt við: „Eins og áður sagði erum við með ungar stelpur sem bera liðið uppi og þessi vetur er alls ekkert „make or brake“ fyrir þær. En ef þær mæta vel á æfingar og forgangsraða hlutunum rétt getur allt gerst.“

Stjórn félagsins á mikið hrós skilið fyrir umhverfið

Þegar Svavar er spurður hvernig sé að starfa við handboltann á Selfossi svarar hann með einu orði: „Forréttindi.“

Í framhaldinu er hann spurður hvað sé gott við starfið á Selfossi og hvort eitthvað megi betur fara. „Stjórn félagsins á mikið hrós skilið fyrir það umhverfi sem þeir hafa búið til fyrir leikmenn og þjálfara félagsins. Allir í kringum liðið, stjórn, sjúkrapjálfarar, styrktarþjálfarar, starfsfólk löu o.fl. eiga mikið hrós skilið fyrir það umhverfi sem íþróttamenn Selfoss æfa við. En það eru erfiðir tímar núna vegna Covid. Okkur vantar áhorfendur og um leið pening í kassann til að halda áfram að gera vel,“ segir Svavar að lokum.

Viðtal: ÖG



RIVERSIDE
RESTAURANT

RIVERSIDE RESTAURANT

VERIÐ VELKOMIN



Vélaverkstæði
PÓRIS

GLEÐILEG JÓL
OG FARSÆLT KOMANDI ÁR
ÞÖKKUM ÁNÆGJULEG VIÐSKIPTI

SET-HÖLLIN

HEIMILI HANDBOLTANS

Fyrr í haust skrifuðu þeir Bergsteinn Einarsson, forstjóri Set ehf., og Þórir Haraldsson, formaður handknattleiksdeildar Selfoss, undir fimm ára samning um að íþróttahúsið lða beri nafnið „SET-höllin“. Handknattleiksdeildin er gríðarlega ánægð með þennan samning og er ljóst að SET-höllin verður heimili handboltans á Selfossi næstu árin og þar munu draumar geta ræst.

Bergsteinn Einarsson, forstjóri Set, var spurður út í samstarfið og stuðning við starfið.

Skemmtilegt framhald að nefna íþróttahús eftir fyrirtækinu

Hvað kom til að þið ákváðuð að styrkja handknattleiksdeildina og hvaða gildi hefur það fyrir fyrirtækið og samfélagið?

Set hefur komið sterkt inn í stuðning við íþrótt-, menningar- og velferðarmál í nær-samfélaginu og stutt vel við handknattleiksdeildina um árabíl. Þarna opnaðist gluggi sem forráðamenn deildarinnar buðu okkur að fylla upp í næstu fimm árin a.m.k. Það þótti nýlunda þegar við auglýstum með Set merk-

inu og textanum RÖR á buxum leikmanna við upphaf tíunda áratugarins. Mér hefði aldrei dottið í hug að merki okkar myndi prýða afturenda íþróttafólks, þegar ég teiknaði það á rúðustrikað blað í stærðfræðitíma í gamla lðnskólanum veturinn 1977-1978. Það er því skemmtilegt framhald á því að nefna íþróttahús eftir fyrirtækinu og merkja það. Merkið hefur raunar lengi verið áberandi í íþróttahúsum bæjarins, á íþróttavellinum, sundhöllinni og á fatnaði þátttakenda.

Mikilvægt að læra að vera þátttakendur í liðsheild

Hvað getur SET-höllin boðið upp á?

Það er með íþróttimmar eins og rekstur fyrir-tækja að þar skiptast á skin og skúrir og mikilvægt er að komast yfir erfða tíma með jafnaðargeði og sóknarhug að leiðarljósi. Ekkert er liðsheildinni jafn mikilvægt og þrautseigja og jákvæðni þegar ná þarf upp góðri stöðu. Það er svo enn vandasamara að stjórna á góðum tímum þegar allir eru tilbúnir að fylgja liðsheildinni. Einfaldleikinn getur horfið og kostnaðarmynstrið breyst og stórhugur kann að leiða til ofmats á eigin getu, sem gerist líka oft í fyrirtækjarekstri á góðum tímum. Þá þarf að vinna ofan af eins og sagt er.

Ég hef aldrei haft mikinn áhuga á íþróttum og tók aldrei þátt í þeim. Mikilvægi þeirra sé ég samt nú helst í að efla og rækta félagsþroska og baráttuvilja ungra krakka og að byggja upp sjálfstraust með þeim. Ekki veitir af í flóknu stafrænu samfélagi að læra að vera þátttakendur í liðsheild. Það er alveg ljóst að það getur komið sér vel á lífsleiðinni.

Munum fylgjast betur með og hvetja okkar fólk til að mæta

Nú er sterk handboltatenging innan fyrirtækisins, segðu okkur aðeins frá því.

Einar Sværissón frændi okkar hefur verið öflugur leikmaður Selfoss liðsins í áramóðir og við frændfólkið og samstarfsfólk hans erum auðvitað afskaplega stolt af honum. Hjá Einari í vöruhúsi okkar starfar nú annar öflugur leikmaður aðalliðsins, Guðjón Baldur Ómarsson. Fleiri hafa verið hjá okkur í gegnum tíðina og minnisstæður er Villimas sem kom frá Litháen á tíunda áratugnum, öflugur starfsmaður í röraeinangrun Set.

Nú þegar þessi samningur hefur tekið gildi viljum við eigendur og starfsfólk Set óska handknattleiksdeildinni og þeim sem að henni koma farsældar og góðum sigrum á komandi árum, við munum fylgjast betur með og hvetja okkar fólk til að mæta á viðburði í Set-Höllinni.

Þórir Haraldsson

– formaður handknattleiksdeildar

„Það er ómetanlegt fyrir deildina að eiga stuðning frá rötgrónu og öflugum heima-fyrirtæki eins og SET sem verið hefur einn af burðarásunum í atvinnulífinu á Selfossi í áratugi. SET sem verið hefur einn öflugasti stuðningsaðili deildarinnar mörg undanfarin ár stígur hér enn sterkar inn með aukna samfélagslega ábyrgð og það er mikilvæg viðurkenning fyrir okkar starf. Það er ánægjulegt fyrir deildina að geta stutt við ímynd og álit fyrirtækisins á landsvísi og við hlökkum mjög til samstarfsins á komandi árum.“



Bergsteinn Einarsson, forstjóri Set ehf. og Þórir Haraldsson formaður handknattleiksdeildar.



SET – Síðan 1968

Set er eitt af rötgrónu fyrirtækjunum hér á Selfossi og sannkallað fjölskyldufyrirtæki. Árið 1968 stofnaði Einar Eliasson Steypu-iðjuna, sem síðar varð að fyrirtækinu Set hf. Steypu-iðjan hóf framleiðslu á steinsteyptum fráveiturörum, og áratug síðar, einangruðum stálpípum fyrir hitaveitur.

Í framhaldi af þessu hafa bæst við ýmsar fleiri gerðir plaströra og rörakerfa, en öll framleiðsla fer fram í verksmiðjum Set á Selfossi og í Þýskalandi.

Viðskiptavinir Set eru aðallega veitustofnanir, sveitarfélög, og endursölu- og þjónustuaðilar á byggingasviði. Meðal

þeirra helstu eru því stærstu orku- og fjar-skiptafyrirtækin, byggingavörverslanir og verktakar. Allir þessir aðilar hafa tileinkað sér innkaupareglur um opin útboð og verðsamanburð í samræmi við milliríkja-samninga, og Set því orðið að mæta alþjóðlegum samanburði í verði, vöru- og þjónustugæðum.

Íslenski lagnamarkaðurinn hefur á undanföllum áratugum einnig lagt aukna áherslu á gæðamál og fræðslu og hefur Set verið í fararbroddi í þeim málum. Markmiðið hefur verið að auka endingartíma og draga úr viðhaldsþörf lagnakerfa sem sífellt verða stærri og margbrotnari. Mikil þekking og reynsla hefur skapast hjá fyrirtækinu.

ALLT AÐ
60%
AFSLÁTTUR

KYNNTU ÞÉR HELGARTILBOÐ NETTÓ - frá fimmtudegi til sunnudags



**FRÁBÆR
TILBOÐ Á KJÖTI,
GRÆNMETI OG
ÁVÖXTUM**



nettó
Lægra verð - léttari innkaup




**NÝTTU ÞÉR
VEFVERSLUNINA**
ÖLL HELGARTILBOÐIN
MÁ FINNA Á NETTO.IS



NETTÓ SELFOSSI - OPIÐ ALLA DAGA 10 - 21

JÖRFI FLÚÐUM



2020 Framúrskarandi fyrirtæki



islenskt grænmeti
ÞÚ VEIST HVADAN ÞAD KEMUR

2018-2020 Óþolbert fyrirsýndar fyrirtæki
Válgæðskipti Menntan



FLÚÐA SVEPPIR

Lokahóf

HANDKNATTLEIKSDEILDAR



Verðlaunahafar kvöldsins. Frá vinstri: Katla Björg Ómarsdóttir, Elínborg Katla Þorbjörnsdóttir, Tinna Sigurrós Traustadóttir, Hergeir Grímsson, Andri Dagur Ófeigsson, Ísak Gústafsson, Vilius Rasimas, Sverrir Pálsson (fyrir hönd Atla Ævars Ingólfssonar) og Tryggvi Þórisson.

Lokahóf handknattleiksdeildarinnar fór fram í sumarblíðu í Hótel Selfoss 26. júní, eftir langt og skrítið tímabil. Kátt var á hjalla og gleðin var ótakmörkuð af sóttvarnareglum, sem fengu frí í byrjun sumars. Dagskráin var með hefðbundnu sniði og var Gunnar Sigurðarson veislustjóri kvöldsins. Á hófinu voru veitt einstaklingsverðlaun fyrir meistaraflokka og U-liðið auk þess sem félagi ársins var valinn og aðrar viðurkenningar veittar.

SelfossTV var valið félagi ársins. Þeir Árni Þór Grétarsson og Brad Egan tóku við viðurkenningunni, enda hausinn og hjartað í SelfossTV. SelfossTV hefur verið öflugt í mörg ár, en í ástandinu í vetur, þegar íþróttahús landsins voru lokað áhorfendum, hefur mikilvægi SelfossTV aldrei verið meira. Strákarnir á SelfossTV öxluðu þá ábyrgð og sendu beint frá öllum heimaleikjum meistaraflokkanna sem ekki voru á Stöð 2 sport, U-liðanna ásamt flestum leikjum 3. og 4. flokks. Alls voru þetta 56 útsendingar og nú hafa fimmtíu þúsund manns horft á.

Tinna Sigurrós Traustadóttir var valin besti leikmaður meistaraflokks kvenna auk þess að vera markadrottning og sóknarmaður ársins. **Vilius Rasimas** var valinn besti leikmaður meistaraflokks karla. Þá var **Andri Dagur Ófeigsson** valinn besti leikmaður U-liðsins auk þess að vera markakóngur liðsins. **Elínborg Katla Þorbjörnsdóttir** var valin efnilegasti leikmaður kvennaliðsins og varnarmaður ársins, en **Ísak Gústafsson** var valinn efnilegastur karlamegin og **Tryggvi Þórisson** varnarmaður ársins. **Hergeir Grímsson** var sóknarmaður ársins og baráttubíkarinn fengu þau **Atli Ævar Ingólfsson** og **Katla Björg Ómarsdóttir**. Einnig fékk **Sölvi Ólafsson** viðurkenningu fyrir 100 leiki spilaða fyrir félagið.



Bestu leikmenn meistaraflokks karla og kvenna 2021, Tinna Sigurrós Traustadóttir og Vilius Rasimas.



Sölvi Ólafsson með viðurkenningu fyrir 100 spilaða leiki fyrir Selfoss.





Árnir Þór Grétarsson og Brad Egan með viðurkenningu sem SelfossTV fékk sem félagi ársins..



Björn Ingi Gíslason kom upp í pontu og blés mönnum móð í brjóst.



Einar Sverrisson veitti nokkur verðlaun fyrir hönd meistaraflokks karla.



Kristín Ágústsdóttir og Brad Egan í góðum gir.

SÚPERBYGG ehf
Almenn byggingastarfsemi
superbygg@superbygg.is
s: 845 1500



Við styðjum handboltann á Selfossi

Bifreiðaverkstæðið Klettur

Bílakallinn ehf.

Bíliðjan ehf.

Bísel ehf.

Blómasetrið ehf.

Bókhaldsstofa Haraldar

Bombay Bazar ehf.

Borg fasteignasala

Eðalmálun Suðurlands

Einingaverksmiðjan ehf.

Fannberg fasteignasala ehf.

Fasteignasalan Bær

Fiskverslun Suðurlands

Fjarðaprif ehf.

Fögrusteinar ehf.

Fossdekk ehf.

GBS Gröfupjónustan ehf.

Gísli Ingvarsson húðsjúkdóma-
læknir, Lækning,

Lágmúla 5, Rvk.

Gluggatækni ehf.

Gunnar Jónsson ehf. krana-
og flutningaþjónusta

Hafnarsjóður Þorlákshafnar

Hjá Maddý ehf.

Hjortur O. Aðalsteinsson

Hróðgeir Spaki sf.

Koltinna ehf.

Málningaþjónustan ehf.

Mensý

Merkurbúið sf.

Moli - Tölvur og tækni

Múrþjónusta Helga Þorsteins

Pro Ark

Ræktunarmiðstöðin sf.

Reykás ehf.

Sigvaldi sf.

Smíða ehf.

Snæberg ehf.

Tjaldborg

Áfram Selfoss



MINA MANDIĆ

Markvörðurinn Mina Mandic kom til Selfoss fyrir tímabilið og hefur hún farið mjög vel af stað í vetur. Mina er 21 árs gömul frá Svartfjallalandi. Í heimalandinu lék hún í HC Levalea 2010.

„Ég gekk til liðs við Selfoss af því mér fannst það frábært tækifæri til að sýna hæfileika mína, bæði sem einstaklingur og hluti af liðs- heild. Selfoss er metnaðarfullt lið og umgjörðin hérna er frábær, bæði hvað varðar æfingar og leiki. Markmið mitt er að hjálpa liðinu að komast í efstu deild.“

Hvernig líkar þér við liðið og hvaða væntingar gerir þú til þess?

„Mér líður mjög vel með stelpunum, þær veita mér góðan stuðning og ég reyni að endurgjalda þeim með því að standa mig vel á æfingum. Að ógleymdum stuðningnum sem við fáum úr stúkunni. Það er það sem drifur



mann áfram. Ég er mjög þakklát fyrir það.“

Hvernig er lífið á Selfossi?

„Selfoss er fallegur bær og mér líður vel hér. Það myndi ekki skaða að hafa aðeins meira sólskin hérna, en veðrið hérna er eins og það er. Fólkið hérna er mjög almennilegt og jákvætt, sem er það mikilvægasta fyrir mér.“

ROBERTA STROPÉ

Roberta er 23 ára skytta frá Litháen. Hún spilaði með Aftureldingu í Olísdeildinni 2019–2020, en var frá á síðasta tímabili vegna meiðsla. Þar áður lék hún í þýsku 1. deildinni með liði Neckarsulmer SU og Dragunas í heimalandi sínu. Hún hefur einnig spilað fyrir landslið Litháen.

„Ég valdi Selfoss af því að liðið bauð bæði mér og manninum mínum [Karolis Stropus] samning. Það er gaman að geta spilað fyrir sama liðið.“

Hvernig líkar þér við liðið og hvaða væntingar gerir þú til þess?

„Stelpurnar hafa tekið mér opnum örmum, þetta er eins og lítil fjölskylda. Við smullum strax á fyrstu æfingunum. Liðið er mjög ungt og efnilegt.“



Hvernig er lífið á Selfossi?

„Selfoss er lítill og þægilegur bær og fólkið hérna er frábært. Mér líkar mjög vel hérna, það er stutt í allt og það er ekki sami asi á öllu eins og í Reykjavík.“

KAROLIS STROPUS

Litháinn Karolis Stropus er 30 ára rétt- hent skytta sem kom frá Þór Akureyri. Áður hefur hann leikið með Aftureldingu, Víking og Akureyri á Íslandi. Hann hefur einnig spilað með vinafélagi Selfoss, Dragunas, í heimalandi sínu og spilaði m.a. gegn Selfossi þegar liðin mættust árið 2018. Þá hefur hann einnig spilað fyrir landslið Litháen.

„Ég hafði margar ástæður fyrir því að velja Selfoss. Ein þeirra er að ég veit að Selfoss er með frábært lið með marga góða leikmenn, ríka handboltasögu og mikinn metnað. Að spila í Evrópukeppninni með Selfoss er líka mikill heiður. Einnig var hér fyrir einn félagi minn og landi, Vílius Rasimas. Það er alltaf gaman að geta spilað með félögum sínum. Að lokum sýna staðreynd að ég get spilað hér með konunni minni [Roberta Stropé].“

Hvernig líkar þér við liðið og hvaða væntingar gerir þú til þess?

„Liðið er mjög samheldið og allir mjög vinsamlegir hérna. Allir reyna að láta manni líða eins og heima. Leikmennirnir eru líka góðir og gefa allt í bæði æfingar og leiki. Ég hef ekki



sjálfur sett nein markmið, a.m.k. ekki á mínu fyrsta tímabili. En ég geri mitt besta á vellinum og á æfingum. Það var svekkjandi að ná ekki lengra í Evrópukeppninni, en ég vona að við munum enda í einu af toppsætunum í deildinni.“

Hvernig er lífið á Selfossi?

„Selfoss er lítill en fallegur bær, sérstaklega núna þegar fólk er að undirbúa jólin og búið að skreyta allan bæinn. Fólkið hérna er mjög vinalegt og rólegt og andrúmsloftið gott, sem mér finnst gott.“

RAKEL HLYNSDÓTTIR

Líkingarstjórnandinn Rakel Hlynsdóttir spilaði með sterku liði ÍBV til ársins 2013. Hún tók skóna aftur fram í haust, eftir 8 ára hlé, og hefur farið vel af stað með liði Selfoss það sem af er tímabili.

Hvað varð til þess að þú tókst upp skóna að nýju?

„Svavar hafði samband við mig í lok ágúst, en hann var þjálfarinn minn í ÍBV. Ég ákvað að prófa eina æfingu. Ég þurfti ekki nema eina æfingu til að átta mig á hvað ég saknaði þess mikið að vera hluti af liði. Ég ákvað því að slá til. Reyndar á fjórðu æfingunni reif ég kálfann og var frá í 4 vikur, en ég er orðin góð í dag.“

Hvernig líst þér á liðið núna í ár og hvernig metur þú möguleika þess?

„Við erum með ungt og sterkt lið. Stelpurnar eru rosalega metnaðarfullar og áhugasamar. Ég hef fulla trú á að ef við höldum áfram og þéttum hópinn, sé allt mögulegt. Við förum í hvern leik til að vinna hann og sjáum bara hvert það leiðir okkur. Við erum með það gott



lið að við eigum að vera í topp 3 í deildinni.“

Hvernig sérðu fyrir þér framtíð liðsins eftir nokkur ár?

